

hin ákærðu vísvitandi hafi unnið rangan eið eða borið rangan vitnisburð fyrir rjetti, og ber því einnig að dæma þau sýkn af ákæru sóknarans í þessu máli. — Það ber þannig að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, eptir atvikum einnig að því ákvæði hans um málskostnað snertir. — Málskostnaður fyrir yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanna fyrir yfirdóminum, setts landshöfðingjaritara Jóns Jenssonar, Páls Melsteðs og Þorsteins Jónssonar málaflutningsmanna, er skulu ákveðin 15 krónur til hvers þeirra um sig, greiðist úr opinberum sjóði.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði dómur á óraskaður að standa. Málskostnaður fyrir yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanna, setts landshöfðingjaritara Jóns Jenssonar, Páls Melsteðs og Þorsteins Jónssonar málaflutningsmanna, 15 krónur til hvers þeirra um sig, greiðist úr opinberum sjóði. —

Mánudaginn 10. septbrmán.

Nr. 27/1883.

Rjettvísín  
gegn  
Jörundi Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað af hálfu rjettvísinnar eptir

skipun amtmannsins yfir norður- og austuramtinu gegn Jörundi Jónssyni á Syðstabæ í Hrísey fyrir brot gegn 228. gr. hegningarlaganna, og með dómi, kveðnum upp í málinu fyrir aukarjetti Eyjafjarðarsýslu 21. febrúar þ. á. af Lárusi Blöndal, sýslumanni í Húnavatnssýslu, sem setudómara, er hinn ákærði dæmdur sýkn af ákærum rjettvisinnar í máli þessu, en jafnframt skyldaður til að greiða allan löglegan kostnað af því, þar á meðal málsfærslulaun til svaramanns síns í hjeradi 8 krónur.

Tilfnið til málshöfðunar þessarar er það, að hinn ákærði í kæruskjali til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu, dagsettu 8. desember 1881, bar sig upp undan því, að sonur hans, Jóhannes, hefði, án vilja hans og vitundar selt prestinum Arnljóti Ólafssyni á Bægisá með afsalsbrjefi, dagsettu 3. marz s. á.,  $\frac{1}{10}$  af jörðinni Syðstabæ í Hrísey, er hann hafði fengið að erfðum eptir móður sína á opinberum skiptum árið 1877, og selt ákærða með afsalsbrjefi 3. október s. á.; að vísu hafi Jóhannes sonur hans ekki haft meðráðamann við síðar nefnt jarðarafsal, þó að hann þá að eins hefði verið 18 ára, því ákærði hafi ætlað, að þess þyrfti ekki við, þar sem Jóhannesi ekki hafði verið skipaður meðráðamaður á skiptunum eptir móður sína, en hefði komið fram sem fullmyndugur maður; seinna hafi Jóhannes iðrast eptir að hafa afsalað föður sínum þennan jarðarpart, þegar hann sá, að Norðmenn fóru almennt að stunda síldarveiði á Eyjafirði, og að eigendur sjáfarjarðanna þar í firðinum höfðu talsverðan hag á þessum síldarveiðum, hafi hann þá leitað ráða hjá prestinum Arnljóti Ólafssyni á



Bægisá, og hafi það orðið samkomulag milli þeirra, að hann með skipuðum meðráðamanni seldi nefndum presti jarðarpartinn, án þess að gjöra ákærða aðvart um söluna, enda hafi hlutaðeigandi sýslumaður, sem skipaði Jóhannesi meðráðamann við hið síðara afsalið, og var í fullu vitorði nm það, látið Jóhannesi í ljósi, að ekkert ólöglegt eða saknæmt væri í þessu síðara afsali. — Í niðurlagi kæruskjalsins lýsir ákærði yfir þeirri skoðun sinni, að sjer ekki geti fundizt betur, en að hjer liggi fyrir svo saknæmt brot gegn 255. gr. hegningarlaganna í sambandi við 48., 132. og 142. gr. þeirra, að höfða beri opinbert mál gegn þeim, er hlut áttu að þessu síðara jarðarafsali, og óskar þessvegna, að amtið skipi fyrir um þessa málishöfðun útaf þessu, og að hinir seku verði dæmdir til sekta eða hegningar að lögum, og til að bæta ákærða að fullu skaða þann, áhyggjur og skapraun, er sala þessi hafi valdið honum.

Eins og tekið er fram í hjeraðsdómnum hefur það sannast undir rekstri þessa máls, að hinn ákærði í kæruskjali sínu til amtsins hefur hermt rjett öll aðalatvik þau, er hann byggir kæru sína á, og að skýrsla hans um það, sem fram hefur farið, er í öllu verulegu sannleikanum samkvæm, það er því auðsætt, að kæra hans ekki verður að þessu leyti heimfærð undir 228. gr. hegningarlaganna; en þar sem hinn ákærði í niðurlagi kæru sinnar hefur látið þá skoðun sína í ljósi að atferli, sem hann hefur skýrt rjett frá, væri saknæmt eptir tilteknum greinum í hegningarlögunum, og óskað sakamálishöfðunar og dóms yfir hlutaðeigendum, þá

verður slík skoðun og ósk kærandsans, þó hún sje borin upp fyrir yfirvaldi, og hversu ástæðulaus sem hún kann að vera, ekki álitin að hafa í sjer fölgna bersýnilega ranga kæru í þeim skilningi, sem 228. gr. hegningarlaganna hefur fyrir augum, því tjeð lagagrein virðist sjerstaklega eiga við þær kærur, þar sem skýrt er bersýnilega rangt frá þeim atvikum og gjörðum, sem kært er fyrir. Þarvið bætist að hegningarákvörðuninni í opt nefndri lagagrein því að eins verður beitt, að kærandsinn hafi verið sjer meðvitandi um að kæra hans væri röng, en að hinn ákærði hafi verið sjer þessa meðvitandi, er engin ástæða til að ætla, þar sem hinn ákærði er fáfróður alþýðumaður, og gjörningur sá, sem hann kærir yfir, er þess eðlis, að honum var nokkur vorkunn, þótt hann áliti hann saknæman að lögum, einkum þar sem hann, eptir því sem hann sjálfur skýrir frá, hafði ráðfært sig við lögfróða menn um það efni, áður en hann bar upp kæru sína. Yfirdómurinn fær þannig ekki sjeð, að hinn ákærði með kæru þeirri, sem hjer er sakarefni, hafi orðið brotlegur gegn 228. gr. hegningarlaganna, og ber því að dæma hann sýknan af ákæru sóknarans í þessu máli, og er þá einnig rjett, að allur af málinu löglega leiðandi kostnaður, þar á meðal málsfærslulaun til svaramanns hins ákærða í hjeraði og til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, sem ákveðast 8 kr. til hins fyrst nefnda og 10 krónur til hvors hinna síðar nefndu, greiðist úr opinberum sjóði.

Rekstur málsins í hjeraði og sókn og vörn þess fyrir yfirdómi hefur verið lögmæt.



Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Jörundur Jónsson, á að vera sýkn af ákærum sóknarans í þessu máli. Allur af málinu löglega leiðandi kostnaður, þar á meðal málsfærslulaun til hins skipaða svaramanns hins ákærða í hjerði, Eggerts Laxdals, og til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Þorsteins Jónssonar og Páls Melstedts, 8 krónur til hins fyrst nefnda og 10 krónur til hvors hinna síðar nefndu, greiðist úr opinberum sjóði.

Mánudaginn 24. septbrmán.

Nr. 28/1883.

Hið opinberá

gegn

Guðmundi Sveinssyni og

13 öðrum formönnum í

Hnífsdal í Ísafjarðarsýslu.

Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp fyrir lögreglu-rjetti Ísafjarðarsýslu 20. nóvembermán. f. á., voru hinir kærðu 1) Guðmundur Sveinsson, 2) Hannes Jónsson, 3) Vilhjálmur Pálsson, 5) Sigurður Sveinsson, 5) Sigurður Þorvarðsson, 6) Jóhann Jónsson, 7) Magnús Þorkellsson, 7) Jóhann Guðmundsson, 9) Víglundur Ásbjörnsson, 10) Pjetur Oddsson, 11) Ólafur Þórðarson, 12) Finnur Nielsson, 13) Jóhannes Pálsson og 14) Kristján Gabrielsson, dæmdir fyrir brot á fiskiveiðasamþykkt fyrir Ísafjarðarsýslu, Nr.